



Gagnsæi samtök gegn spillingu

kt. 701214-1450
Gimli, Háskólatorgi
101 Reykjavík
Ísland

Reykjavík 12.10.2015

Allsherjar og menntanefnd
Nefndarsvið Alþingis
b.t Kristjana Benediktsdóttir
nefnasvid@althingi.is

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu. Þingskjal 12 — 12. mál.

Stofnun, sem fjallar m.a. um góða stjórnarhætti hjá hinu opinbera, og ber nafnið Global Integrity <https://www.globalintegrity.org/> hefur um nokkurt skeið unnið að því að þróa aðferðir við að leggja mat á stöðu innan þjóðfélags gagnvart viðurkenndum heilindavísum, sem eru til þess fallnir að auka gagnsæi og virka sem varnir gegn spillingu. Þessir heilindavísar varða bæði lagahlið og framkvæmdahlið í helstu stöðum þjóðfélaga. Nokkrir þessara heilindavísa varða ýmsa þætti í starfsemi lögreglu, s.s. hvort ráðningar séu samkvæmt faglegum gildum, hvort nægilegar fjárheimildir séu fyrir hendi til að starfrækja embættið, hvort lögregluembætti séu varin gegn pólitískum áhrifum og hvort um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu sé að ræða .

Skortur á lögum um sjálfstætt eftirlit með lögreglu hefur því dregið niður heilindaekinn Íslands þegar kemur að vörnum gegn spillingu, því brýnt er að borgarar geti borið fullt traust til hlutlægni sjálfstæðs eftirlitsaðila, sem lýtur ströngum hæfisreglum um tengsl við aðila máls.

Gagnsæi,samtök gegn spillingu fagna þessari þingsályktunartillögu og taka heilshugar undir efnisatriði hennar. Fullur skilningur ríkir á því að hagkvæmnisástæður kunni að valda því að eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu þurfi að vera sameinuð við annars konar eftirlit.

Virðingaryllst,
f.h. stjórnar Gagnsæis, samtaka gegn spillingu
Jenný Stefanía Jensdóttir

145. löggjafarþing 2015–2016.

Pingskjal 12 — 12. mál.

Hjálagt fylgir áður innsend umsögn og er vísað til hennar. Nefnd um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu hefur enn ekki skilað niðurstöðum og er búist við að hún skili bráðlega. Lögreglustjórafélagið telur eðlilegt að bíða með frekari ákvarðanir og í hvaða feril málið verður sett eftir að nefndin hefur skilað niðurstöðum vinnu sinnar.

Með kveðju,

Halla Bergþóra Björnsdóttir, formaður

Lögreglustjórafélag Íslands

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 1. júní 2015.


Efni: Umsögn lögreglustjórafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu, 638 mál. Þingskjal 1099 – 638. mál.

Varðandi ofangreinda tillögu til þingsályktunar um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu er félagið sammála því að mikilvægt og þörf er á að komið verði á fót virkari eftirliti með störfum lögreglunnar.

Í janúar sl. skipaði innanríkisráðherra nefnd um meðferð kærumála og kvartana á hendur lögreglu og var nefndinni falið að leggja mat á núverandi kerfi og lagareglur og gera tillögur að breyttu verklagi og lagabreytingum, eftir því sem við á. Þá var nefndinni einnig falið að gera tillögu að opnara, aðgengilegra og skilvirkara kerfi sem felst í móttöku og afgreiðslu kvartana vegna starfa lögreglunnar, eftirfylgni vegna athugasemda ríkissaksóknar vegna starfa lögreglu og eftir atvikum frumkvæðiseftirlit með störfum lögreglu. Þá átti nefndinni einnig að horfa til þess hvernig þessum málum er háttað hjá nágrannaríkjum. Gert er ráð fyrir að nefndin skili niðurstöðum sínum nú í sumar.

Lögreglustjórafélag Íslands telur eðlilegt að biða með frekari ákvarðanir og í hvaða feril málið verður sett eftir að ofangreind nefnd hefur skilað niðurstöðum vinnu sinnar.

Virðingarfyllst,



Halla Bergþóra Björnsdóttir
formaður Lögreglustjórafélags Íslands

30. september 2015

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 24. september 2015 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um sjálfstætt eftirlit með starfsemi og starfsháttum lögreglu (þskj. 12. mál, 12. mál á 145. löggjafarþingi).

Hvað varðar e-lið 2. mgr. tillögunnar áréttar Persónuvernd þau sjónarmið sem rakin eru í umsögn stofnunarinnar, dags. 19. maí 2015, um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara (þskj. 1113, 647. mál á 144. löggjafarþingi). Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir.

Með kveðju,



Teitur Skúlason
Lögræðingur | Legal Counsel

Persónuvernd | Data Protection Authority

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, IS, (+354) 510-9600
www.personuvernd.is

[Fyrirvari | Disclaimer](#)